



Kommúnistaflokkur Íslands er það sem á erlendu máli er kallað “soft Party”, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Skemmdarverk – Keflavíkurflugvöllur – Hvalfjörður – Landssíminn – Reykjavíkurflugvöllur – Flutningur skilaboða

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Bréfa- og málasafn 1946-1953.  
Askja 2-15, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kommúnistaflokkur Íslands er það, sem á erlendu máli er kallað "soft party", það er, hann er ekki jafn vel skipulagður og víða annars staðar, enda þótt hann sé bezt skipulagði flokkur landsins. Foringjar hans hafa ekki sama eftirlit með sérhverri flokksdeild eða sérhverjum meðlim og víða erlendis. Þeir virðast hafa lagt á það megin áherzlu síðustu árin að afla floknum fylgjenda, ótryggra sem tryggra, ná áhrifum á löggjöf og stjórnarfar og afla sem flestra "samferðamanna".

Skv. Flóðs-og-fjörukeningunni vill þetta segja: Þeir hafa öll þessi ár búizt við því að innlend bylting eða heimsbylting væri í nánd - eða þeir hafa óttast samstöðu Íslendinga með þeim þjóðum, sem andvígastar eru Ráðstjórnarþjóðunum og talið mikið flokksfylgi og samúð með flokki sínum líklegast til að koma í veg fyrir þá þróun.

Ljóst er nú, að þeim hefur ekki tekizt þetta og mun vart takast að heldur að ~~kakka~~ koma í veg fyrir áframhald þeirrar þróunar. Líklegt er þó, að stefna þeirra verði óbreytt, þangað til Íslendingar hafa tekið lokaákvæðanir um öryggismál og framkvæmt þær.

Frá þeim tíma eru tveir möguleikar. Annars vegar sá, að flokkurinn haldi áfram að leitast við að halda í horfinu með fylgjendum og áhrif, en það er þá að athuga, að fylgi kommúnistaflokks stendur sjaldnast í stað til lengdar, þegar það hefur nálgast mjög hápunkt Flóðs-og-fjörukúrfunnar. Hins vegar er svo sá möguleiki, að leiðtogar kommúnista ákveði að leitast ekki lengur við að afla fylgis "samferðamanna" og "ófórnfúsra" flokksmanna, heldur kjósi lítinn og harðan flokk öruggra manna, jafn-vel leynilega flokk.

Það er mikilsvert að fylgjast vel með, hver niðurstaðan verður, vegna þess að:

1. Sá möguleiki, að íslenskum kommúnistum sé ekkert hlutverk ætlað, ef til alheimsátaka kemur, er vart fyrir hendi.



2. Ef flokkurinn heldur áfram að leggja á það megináherzlu að halda miklu fylgi, vill það meina, að leiðtogar hans telja það varða miklu að hafa samúð sem flestra landsmanna, en það gæti gefið vísbendingu um, að þeirra hlutverk væri að undirbúa og aðstoða við innrás rússnesks hers, (sem t.d. hersæti svæðið frá Hvítá í Borgarfirði að Ölfusá um nokkurra vikna skeið í þeim tilgangi að girða fyrir not Atlantshafsbjóða af landinu. Þessi möguleiki er þó vart fyrir hendi, ef fyrir er hér nokkur herstyrkur þessarar ríkja)

3. Ef hreinsun færi fram í flokknum, merkir það þið gagnstæða; það, að kommúnistum hér muni aðeins ætlað að njósna og vinna þau skemmdarverk, sem við verður komið.

Ef innlendir eða erlendir her kemur til með að sitja landið, má búast við, að kommúnistar telji sér hentara að starfa að einhverju eða öllu leyti leynilega - eða verði knúðir til þess (Á það skal bent, að t.d. Bandaríkjamenn hafa hikað við, að banna kommúnistaflokkinn, vegna þess, að erfiðara er þá að afla upplýsinga um hann? og ætti að minnst þess, áður en slíkt bann yrði lagt við starfsemi hans). Vert er að hafa það hugfast, að dagarnir, sem nú eru að líða, eru ef til vill bezta og síðasta tækifærið til að afla ýmissa þeirra upplýsinga, sem mest þörf er á, þar sem kommúnistar kunna að draga saman seglin fyrr en varir - eða eru þegar byrjaðir. Vert er og að hafa hugfast, að það þarf engan veginn að vera merki um veikleika, þó að kommúnistar tapi í einstökum kosningum, t. d. innan verkalyðsfélaga, höfðatalan skiptir þá minnstu, þegar harðnar í ári, heldur trúnaðurinn.

Skal nú vikið að því með örfáum orðum, hvað þarf að gera og hvað hægt er að gera í baráttunni gegn kommúnisma hér á landi, ef mannafl og fjármunir eru fyrir hendi - áróðursbaráttan er hér ekki rædd.



Þjóðhættuleg barátta kommúnista, sem hér verður  
rætt um, kann að koma fram með fernu móti: njósnum,  
flutningi boða, skemmdarverkum og byltingar- eða  
hernaðaraðgerðum. Viðleitni til að lama framleiðslu-  
getuna með verkfallsbaráttu verður ekki rædd hér.

#### 1. Einkum með tilliti til njósna.

a) Sími. Símahleranir eru mjög einfaldar og einkum  
tvennskonar: að tengja þræði þess síma, sem hlusta á  
á, við þræði annars, en hin, að tengja sérstök hlustunar-  
taki einhvers staðar á þræði símans. Nota má x hljóðnema  
síma til að hlusta á það, sem fram fer í herberginu, þó  
að síminn sé ekki í notkun. Sem vörn við slíkri hlerun  
er best að vekja eitthvert annað hljóð í herberginu, t.d.  
að hafa opið útvarp.

Þeir, sem sérstaklega þarf að hafa eftirlit með í  
sambandi við símanjósna eru:

þeir, sem leggja síma inn í húsin  
starfsmenn á skiptistöðinni.

þeir, sem greiðan aðgang hafa að kjallara viðkomandi  
húss eða þeim stað, þar sem innanhúss-línan er tengd  
jarðkaplinum.

B) Ritsími. Ritsímaþjónar geta gefið upplýsingar um  
skeytasendingar og látið af hendi afrit af símskeytum.

Afla þarf upplýsinga um alla  
ritsímabjóna.

c) Loftskeyti. Afla þarf upplýsinga um alla, sem að-  
gang hafa að loftskeytatakjum og kunna að fara með þau,  
en það eru:

allir, sem lokið hafa prófi í loftskeytafræðum,

einkum þó þeir, sem vinna við:

flug- og veðurþjónustu

í radíostöðvum

á skipum

og amateurarar .

Mikilvægt að fá upplýsingar um sölu takja og hluta  
til þeirra.



d) Póstur. Allir, sem hafa póst undir höndum, hafa aðstöðu til njósna. Öll bréf, lökkuð sem ólökkuð má opna, án þess að viðtakandi verði þess var.

Afla þarf upplýsinga um:

alla pósthjóna.

Hættulegastir eru þeir, sem bera bréfin í hús. Þeir geta haft þau lengst undir höndum einir og jafnvel stungið þeim undan.

e) Keflavíkurflugvöllur. Upplýsingar um umferð og athafnir geta gefið:

allir starfsmenn Keflavíkurflugvallar.

f) Stofnanir, þar sem ríkisleyndarmál eru rædd og geymd skjöl. Afla þarf upplýsinga um alla, sem greiðan aðgang hafa að slíkum stöðum, þar sem enginn lás hefur enn verið búinn til svo, að kunnáttumenn geti ekki opnað hann án hins rétta lykils á mjög skömmum tíma. Handhæg tæki eru fánleg til að hlusta með gegnum veggi og eftir margvíslegum leiðslum, sem eru í öllum húsum. Auk þess má svo koma fyrir hljóðnemum, sjóntækjum og myndavélum víðsvegar um herbergi, án þess að eftir verði tekið.

Ákveða þarf, hvaða stofnanir eru mikilvægastar í þessu tilliti og fylgjast þar með:

öllum starfsmönnum

þvottakonum og húsvörðum

Ath. Uppkasta- og "kalker"-pappír hafa oft komið upp miklum leyndarmálum, t.d. gaf japönsk þvottakona mikilvægustu upplýsingarnar um herbúnað Japana í síðasta stríði. Ekki nægir að rífa pappírinn, eina örugga ráðið er að brenna hann. Móta má lykila í leir, ef maður kemst yfir þá eitt andartak. Ekki er ósennilegt, að kommúnistar hafi undir höndum lykila að stjórnarráðinu síðan í Náðherra-tíð sinni, ef ekki hefur verið skipt um lása.

2. Flutingur skilaboða. Kommúnistar nota víðast eigin flutningaleiðir, jafnvel fyrir ómerkileg skilaboð eða



einkabréf.

a) Flutningur skilaboða innanlands er auðveldur og ótímabært að ræða hann.

b) Flutningur boða milli landa annast einkum:

sjómenn

flugmenn

ferðamenn

sérstakir erindrekar flokksins eða sendiráðsins

og njóta á tíðum aðstoðar:

tollþjóna

hafnsögumanna

útlendingaeftirlitsmanna

Ath. Ekki er nauðsynlegt, að þeir, sem boðin flytja, hafi vitneskju um það, t. d. kann skilaboð að vera falið í flutningatæki og tekið þaðan á ákvörðunarstað án vitundar stjórnandans. Skilaboð milli landa eru víðast tvenns konar: orðsendingar milli kommúnistaflokka eða leiðtoga og hins vegar boð til og frá njósnurum um atferli einstakra kommúnistaflokka eða leiðtoga þeirra, en Rússar láta sér sjaldnast nægja skýrslur leiðtoga einna, heldur einnig njósnara um þá.

3. Hugsanleg skemmdarverk í fyllingu tímans yrðu helzt unnin á þessum stöðum:

Keflavíkurflugvöllur (einkum olíugeymar og stjórnþaki)

Hvalfjörður (olíugeymar)

Aðrir olíugeymar

Landssíminn (Landssímahúsið í Rvk., Borðeyrarstöðin, Seyðisfjörður)

Rafmagnsver

Hitaveitan

Reykjavíkurflugvöllur

Helztu brýr

Verksmiðjur og iðjuver (einkum síldarverksmiðjur)

Loftskeytastöðvar

Skip og flugvélar.



4. Byltingar- eða hernaðaraðgerðir. Sá möguleiki er fyrir hendi, að stjórnarbylting yrði gerð hér, þá væntanlega sem undanfari rússneskrar innrásar, þar sem kommúnistar mundu leitast við að ná á sitt vald vissum stöðum og stofnunum, einkum þeim, sem taldar verða hér á eftir:

Lögreglustöðin

Flugvellirnir

Loftskeytastöðvar

Landssímahúsið

Sæsíminn á Seyðisfirði

Teppa vegi og eyðileggja símalínur.

Hvað viðkemur mögulegum skemmdarverka- eða hernaðaraðgerðum, þá liggur í augum uppi, að hér er nú ekki fyrir hendi nægilegur mannaflí til að standa vörð um alla þá staði, sem hætta steðjar að. Margt má þó gera án mjög mikils erfiðis, t. d.:

1. Afla nákvæmra upplýsinga um stjórnmálaskoðanir starfsmanna á áðurnefndum stöðum og annarra þeirra, sem greiðastan aðgang hafa að þeim og hvaða fólk þeir, sem grunur fellur á, umgangast.
2. Fá sem víðast trausta menn til að gerast trúnaðarmenn og gefa upplýsingar um allt, sem gerist og talið er óeðlilegt.
3. Sjá um, að nýir starfsmenn séu ekki kommúnistar, og leitast við að koma þeim burt, sem hættulegir eru taldir.
4. Fylgjast með einkalífi kommúnistaleiðtoga. Oft hefur það gefið vísbendingu um væntanlegar óeirðir, að upphafsmenn þeirra hafa fjarlægt konur sínar og börn eða dregið að sér óeðlilega miklar vistir.
5. Reyna að fylgjast með því, hvort nokkrir óeðlilegir flutningar eigi sér stað, þar sem um gæti verið að ræða vopn eða loftskeytataki.
6. Hafa nákvæmt eftirlit með samgangi starfsmanna á sendiráði Rússa og Íslendinga. Rétt væri að fá loftskeytamenn til að miða út, hvort nokkrar sendingar ættu sér stað frá sendiráðinu eða öðrum grunsamlegum stöðum.



7. Reyna að komast að fyrirætlunum kommúnistaleiðtoganna og hvaða menn þeir hafa valið eða hyggjast velja til slíkra starfa. Er þetta mikilvægast, erfiðast, en á þó að vera mögulegt, að vísu ekki áhættulaust, og verður að meta það hverju sinni, hvort áhættan og erfiðni svarar til þeirra upplýsinga, sem von er um að afla. Hinir tæknilegu möguleikar eru mjög miklir, ef tæki og kunnátta eru fyrir hendi. Ætti að athuga, hvort ekki þætti tiltækilegt, að fá mann eða menn þjálfaða í notkun hinna margvíslegu tækja.

Hér að framan hefur verið bent á það, sem mest þörf virðist vera á, að unnið sé að á næstu vikum, en hins vegar ekki bent á, hvaða leiðir muni heppilegastar við hvert einstakt verkefni. Hlýtur það að ákveðast jafnharðan og verkin eru unnin, en ýmis þeirra þurfa allmikinn undirbúning, og má segja, að margar af tillögum þessum miði einkum að nauðsynlegri skýrslugerð, sem er undirstaða þessa starfs. Ekki er hér bent á, hver verkefni séu mest aðkallandi, hvar skuli byrja og hvað látið mæta afgangi. Þær ákvarðanir verða aðrir að sjálfsögðu að taka. Vonast er þó til, að þessar tillögur megi verða nytsöm undirstaða við ákvörðun starfstilhögunarinnar.